

# AUGLÝSING

## um útflutningshlutfall kindakjöts.

Landbúnaðarráðherra hefur ákveðið að útflutningshlutfall kindakjöts af fé sem slátrað verður á tímabilinu frá og með 19. ágúst til og með 31. ágúst 2002 verði 10% af dilkum. Fyrir sama tímabil er útflutningshlutfall ákveðið 0% af kjöti af fullorðnu fé.

Auglýsing þessi er sett í samræmi við reglugerð nr. 524/1998 um útflutning á kindakjöti með síðari breytingum og með heimild í 4. mgr. 29. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 9. ágúst 2002.*

**Guðni Ágústsson.**

---

*Hákon Sigurgrímsson.*

# REGLUGERÐ

## um nýtingu afla og aukaafurða.

### 1. gr.

Skylt er að hirða og koma með að landi allan afla en þó skal sleppa lifandi þorski og ufsa styttri en 50 cm að lengd og ýsu styttri en 45 cm, sem fæst á handfæri. Þá er þeim aðilum sem stunda netaveiðar, aðrar en grásleppuveiðar skv. sérstöku leyfi Fiskistofu, skylt að sleppa allri grásleppu, sem lifandi er í netum þegar þau eru dregin.

### 2. gr.

Heimilt er að varpa fyrir borð verðlausum fiski, innyflum, hausum og öðru því sem fellur til við verkun og vinnslu afla um borð í veiðiskipum, enda verði þessi fiskúrgangur ekki nýttur með arðbærum hætti.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er skylt að hirða og koma með að landi öll þorsk- og ufsa-hrogn. Þá er og skylt að hirða og koma með að landi allan afskurð, sem fellur til við snyrtingu á þorsk-, ýsu- og ufsaflökum um borð í fullvinnsluskipum.

### 3. gr.

Komi afli í veiðarfæri fiskiskips sem er selbitinn eða skemmdur á annan hátt, sem ekki er unnt að komast hjá við tiltekna veiðar, skal ekki reikna þann afla til aflamarks skipsins. Þessum afla skal haldið aðskildum frá öðrum afla skipsins, hann veginn og skráður sérstaklega. Afla þennan er eingöngu heimilt að nýta til bræðslu.